

Fundargerð:

Fundur í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps.
Þriðjudaginn 20. nóvember 2018, kl. 14:00

Fundarstaður: Fundarsalur í stjórnsýsluhúsinu Maríutröð 5a.

Mætt eru; Embla Dögg B. Jóhannsdóttir, Tómas Sigurgeirsson og Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir. Einnig sat fundinn Tryggvi Harðarson sveitarstjóri.



Dagskrá:

1. Kosning formanns.

Stungið upp á að Embla Dögg B. Jóhannsdóttir verði formaður.
Samþykkt samhljóða.

2. Sorphirða í dreifbýli.

Eftirspurn frá íbúum í dreifbýli hefur verið mikil um að fá flokkunargáma í dreifbýli, málið rætt.
Sveitarstjóra og formanni falið að skoða gámamál fyrir flokkun fyrir dreifbýli.

3. Sorptunnur.

Rætt um hvernig Reykhólahreppur stóð að málum á árum áður. Samþykkt að útbúa lista þar sem fólk getur skráð nafn sitt niður ef það vill fá tunnu fyrir utan húsið sitt en hreppurinn sjá um að kaup þær til endursölu. Húseigendur greiði síðan fyrir þær sanngjarnt verð. Einnig þarf hreppurinn að panta ruslatunnur fyrir sínar leiguíbúðir og húseignir.

4. Gjaldskrár sorphirða.

Rætt um núverandi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs. Talið nauðsynlegt að breyta henni með tilliti til fyrirtækja.
Samþykkt að endurskoða gjaldskrá fyrir móttöku og eyðingu sorps fyrir næsta ár.

5. Sorpsvæði.

Til umræðu. Nefndarmenn sammála um að úrbóta sé þörf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45
